

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á opnum tollkvótum á hreindýrakjöti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. 12. gr. tollalaga nr. 88/2005 og viðauka IV A, með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, vörumagn og magntoll:

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Magntollur kr./kg
<b>Tollskrárnúmer:</b>				
0208.9007	Beinlaust hreindýrakjöt, fryst	01.07.11 - 30.06.12	ótilgreint	878
	<i>Hreindýrakjöt með beini, fryst:</i>			
0208.9008	Skrokkar og hálfir skrokkar	01.07.11 - 30.06.12	ótilgreint	0
0208.9009	Annað	01.07.11 - 30.06.12	ótilgreint	878

#### 3. gr.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004 um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

#### 4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr. A laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 30. júní 2012.

*Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 6. júní 2011.*

F. h. r.

**Ólafur Friðriksson.**

*Sigríður Nordmann.*